

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 26. nóvember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1185. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson.

Þetta gerðist:

1. Austurbakki 2 - USK24080066

Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi á rými 0103 sem verður í eigu 0102 í mhl. 15 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Frestað. Lagfæra skráningu.

2. Bankastræti 2 - USK23120020

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna breytinga á brunavörnum og koma fyrir flóttastiga frá efri hæð niður með suðurgafli veitingarhúss í flokki 2 tegund a fyrir 72 gesti í húsinu Lækjarbrekku, mhl.01, og til þess að breyta innra skipulagi og innrétta bakarí á neðri hæð Gamla bakarísins, við Lækjargötu 3a, mhl.04, á lóð nr. 2 við Bankastræti.

Erindi fylgir ódagsett umsögn Minjastofnunar.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

3. Bjarmaland 13 - USK24050290

Sótt er um leyfi til að byggja steypa stoðveggi í stað timburgrindverks, setja steypa vegg og setja útidyrhurð í kjallara. Auk þess er áður gerð framkvæmd sem snúa að gluggum í kjallara og stiga innanhúss í húsi nr. 13 við Bjarmaland.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

4. Breiðagerði 20 - USK24060066

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í skólahúsnaði á lóð nr. 20 við Breiðagerði. Erindi fylgir greingerð hönnuða, mæliblað 1.817.2 dags. 27. febrúar 2012 og yfirlit breytinga dags. 28. mars 2006.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Brekkugerði 19 - USK24100288

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti glugga og hurða auk þess sem þaksvölum hefur verið breytt í þakgarð og þar komið fyrir útigeymslu, hluti af þakkanti verið sagaður niður og gler sett í staðinn, gler sett í stað bílskúrshurðar og notkun bílskúrs breytt í stofu í einbýlishúsi á lóð nr. 19 við Brekkugerði.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 15. nóvember 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 12. október 1961.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Bústaðavegur 9 - USK24100245

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun á skrifstofuhúsnæði í skólahúsnæði á lóð nr. 9 við Bústaðarveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Dugguvogur 9 - USK24100147

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála og koma fyrir heitum potti á þaksvölum íbúðar 0501 í mhl. 04 á lóð nr. 9 við Dugguvog.

Erindi fylgir greinargerð verkfræðings dags. 9. nóvember 2024.

Stækkun: 13,6 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Samþykki meðeiganda ekki fullnægjandi sbr. lög um fjöleignarhús nr. 26/1994.

8. Dvergshöfði 4 - USK24100177

Sótt er um leyfi til þess að byggja ofan á þegar byggðan bílakjallara, 7- hæða verslunar- og skrifstofuhús við Dvergshöfða 4, mhl.05, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Jafnframt er byggingarleyfi BN035190 felld úr gildi. Umsókn um niðurrif, erindi USK24110263 afgreiðist samhliða.

Stærð (auk bílakjallara): 14.121.1 ferm., 55.296.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð Eflu um brunahönnun dags. 10. október 2024, Hjólþvistar greinargerð Eflu dags. 5. september 2024, mæliblað 4. 062.0 dags. 10. febrúar 25023 og hæðablað dags. í júlí 2000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Dvergshöfði 4 -Niðurrif - USK24110263

Sótt er um leyfi til þess að rífa vegg og plötu yfir jarðhæð vegna breytingar á hönnun nýs mannvirkis við Dvergshöfða 4, mhl.05 á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Magn niðurrifs: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24100177 umsókn um uppbyggingu.

Erindi fylgir Áætlun um meðhöndlun úrgangs dags. 15. nóvember 2024. Úttekt Eflu á niðurrifi dags. 12. nóvember 2024. Skoðun Eflu á fyllingu undir byggingu dags. 6. apríl 2022 og Áreiðanleikakönnun Eflu dags.6. apríl 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Fiskislóð 15-21 - USK24110044

Sótt er um leyfi til þess að setja upp fjölorkustöð á lóð nr. 15-21 við Fiskislóð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Fossháls 5-7 - USK24110247

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi með því að sameina rými í mhl. 01 og mhl. 03 og breyta hurðasetningu á norðurhlið húss á lóð nr. 5-7 við Fossháls.
Erindi fylgir bréf hönnuðar þar sem erindi BN060031 er dregið til baka og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Framnesvegur 19 - USK23050142

Sótt er um leyfi til þess að byggja á tveggja hæða viðbyggingu og sólskála við vesturgafli einbýlishúss á lóð nr. 19 við Framnesveg.

Stækkun: 30.7 ferm., 88.1 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24110211, umsókn um niðurrif.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 26. september 2024, umsögn frá burðarþolshönnuði dags. 28. apríl 2023, varmatapsútreikningar og orkurammi dags. 2. maí 2023 ásamt afrit af tölvupóstum milli hönnuða og Minjastofnunar.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

13. Framnesvegur 19 - Niðurrif - USK24110211

Sótt er um leyfi til þess að rífa geymsluskúr byggðan 1920, mhl.02, einbýlishúsalóð nr. 19 við Framnesveg.

Stærð Mhl.02: 22.7 ferm., 56.5 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23050142.

Lögð er fram umsögn Minjastofnunar dags. 26. september 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Funafold 35 - USK24090023

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059294 þannig að stoðveggur hefur verið byggður á lóðamörkum, saunabygging er orðin tækjageymsla og komið er fyrir útiskýli á suðurlóð einbýlishúss á lóð nr. 35 við Funafold. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Lagfæra skráningu.

15. Gerðuberg 3-5 - USK24100176

Sótt er um leyfi til að stækka svalir og einangra og klæða að utan menningarmiðstöðina í Gerðubergi á lóð nr. 3-5 við Gerðuberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. Grensásvegur 12 - USK24110246

Sótt er um leyfi til að breyta 8 hliðarhengdum gluggum í flóttaleið í topphengda í húsi nr. 12 við Grensásveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Grettisgata 20A - USK24050253

Sótt er um leyfi að fjölga eignum, bæta við tveimur nýjum íbúðum, einni í kjallara og annarri á rishæð mhl.01, dýpka kjallara, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara, og svala til suðurs auk þess að byggja nýbyggingu mhl.02, með tveimur íbúðum, á tveimur hæðum auk kjallara á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu

Afgreiðist samhlíða erindi USK25060130, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun Mhl.01: 144.9 ferm., 489.4 rúmm.

Stærð Mhl.02: 159.4 ferm., 514.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um frávík frá algildri hönnun varðandi íbúð 0001 dags. 23. október 2024, greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, ódagsett greinargerð Tensio verkfræðistofu um burðarþolshönnun, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrættis samþykktum 13. maí 1976, og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017. Sótt er um leyfi að fjölga eignum, bæta við tveimur nýjum íbúðum, einni í kjallara og annarri á rishæð mhl.01, dýpka kjallara, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara, og svala til suðurs auk þess að byggja nýbyggingu mhl.02, með tveimur íbúðum, á tveimur hæðum auk kjallara á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu

Afgreiðist samhlíða erindi USK25060130, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun Mhl.01: 116.3 ferm., 476.1 rúmm.

Stærð Mhl.02: 148.8 ferm., 497.4 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna íbúðar í kjallara dags. 20. nóvember 2024, greinargerð hönnuðar um frávík frá algildri hönnun varðandi íbúð 0001 dags. 23. október 2024, greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, ódagsett greinargerð Tensio verkfræðistofu um burðarþolshönnun, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrættis samþykktum 13. maí 1976, og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Grettisgata 20B - USK24060181

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, þannig að í húsinu verði fjórar íbúðir, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs á íbúðarhúsi á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Afgreiðist samhlíða erindi USK25050253, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Stækkun: 131,2 ferm., 489.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. júlí 2000 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Grjótháls 8 - USK24110143

Sótt er um leyfi fyrir rafmagnshleðslustæði á lóð nr. 8 við Grjóthálsi

Erindi fylgir Mæliblað 4.301.2 dags.16. nóvember 2023 og gátlisti aðaluppdrátta

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

20. Hagatorg 1 - USK24100247

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð suðurálmú í atvinnu og kennsluhúsnæði á lóð nr. 1 við Hagatorg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. janúar 2018 og 12. mars 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hamrahlíð 17 - USK24110047

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 sem felast í minniháttar innanhússbreytingum í húsi nr. 17 Hamrahlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Haukdælabraut 40 - USK24040014

Sótt er um að breyta erindi BN058806 þannig að sótt er um leyfi að færa útitröppur til austurs nær lóðarmörkum á lóð nr. 42 við Haukdælabraut. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Heiðargerði 24 - USK24090335

Sótt er um leyfi til að hækka þak, setja á kvisti bæta við glugga á gafli og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Heiðargerði.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stærð: 54,7 ferm., 162,3 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hofsvallagata 54 - USK24110138

Sótt er um leyfi til að setja saunaklefa og gera innanhússbreytingar á fyrstu hæð auk þess er sótt um leyfi fyrir áðurgerðri framkvæmd sem snýr að hurð úr alrými afgreiðslu út á laugarsvæði í húsi nr. 54 við Hofsvallagötu. Erindinu fylgir greinargerð hönnunarstjóra.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hofteigur 23 - USK23090306

Sótt er um leyfi að byggja bílskúr mhl02 í norð-vestur horni ásamt breytingar innra og ytra fyrir komulagi húss á lóð nr. 123 við Hofteig

Erindið fylgir mæliblað dags. nóvember 1948 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2023

Stærðir mhl 02:

ferm. 47,4 rúmm.143,2

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Holtavegur 10 - USK24110191

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061191 sem snýr að innanhússbreytingum í einingu 0109 (eining 5 og 6) rými 0202 (verslun) útidyrhurðum og innkeyrsluhurð í húsi nr. 10 við Holtaveg. Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Hrannarstígur 3 - USK24110093

Sótt er um leyfi til að breyta burðarvirki hússins í kjallara í húsi nr. 3 við Hrannarstíg. Erindinu fylgir greinargerð burðapólsverkfræðings dags. 16.07.2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hraunteigur 30 - USK24110165

Sótt er um leyfi til þess að byggja tvöfaldan bílskúr/vinnustofu í suðvesturhorni íbúðarhúsalóðar nr. 30 við Hraunteig.

Stærð xx.x ferm., xx.x rúmm

Erindi fylgir afrit af deiliskipulagsupprætti dags. 18. október 2023 og lóðauppdráttur 1.361.1 dags, 18. maí 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Hvammsgerði 13 - USK24110245

Sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri ofaná, breyta innra skipulagi, fjarlægja gler úr sólstofu og klæða að utan með liggjandi báruáli einbýlishús á lóð nr. 13 við Hvammsgerði.

Stækkun: 77,4 ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 190,9 ferm., 584,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

30. Hverfisgata 100 - USK24100224

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060440 með því að breyta útliti og gólfkótum 1. hæðar á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 23. ágúst 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Háteigsvegur 35 - USK24070072

Sótt er um leyfi að byggja 60 íbúða steinsteypt fjölbýlishús á lóð nr. 35 við Háteigsveg. Erindi fylgir hæðarblað dags. 27.08.2021 gálisti aðaluppdráttu. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Stærðir: Ferm.4.642,8 Rúmm.14.326,6

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Hólmsheiðarvegur 141 - USK24110181

Sótt er um leyfi fyrir áðurgerðum mannvirkjum sem eru þrjár geymslur / flugskýli mhl. 02,03 og 04 á lóð 141 við Hólmsheiðarveg. Erindinu fylgir gátlisti hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

33. Jöfursbás 3 - (4. áfangi) - USK24100248

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030157 þannig að sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús, síðustu tvö af sjö húsum með xx íbúðum sem verður 4. áfangi uppbyggingar á sameiginlegum bílakjallara á lóð nr. 3 við Jöfursbás .

Stærð: 7.297,9 ferm., 26.096,8 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

34. Kalkofnsvegur 1 - USK24100263

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060121 þannig að innra skipulagi á 1. og 2. hæð er breytt til að aðlaga vinnuumhverfi breyttu verklagi, fjölga starfsstöðvum, fjölda salerna er breytt, auk þess sem skráningartafl og brunavarnir eru uppfærðar í húsi Seðlabankans á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga á uppdráttum (óstimpluðum) dagsettum 26. janúar 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Katrínarlind 7 - USK24040328

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á allar íbúðir á lóð nr. 1-7 við Katrínarlind.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Korngarðar 13 - USK24110166

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK2307013 v/lokaúttektar þannig að byggingarlýsing er uppfærð vegna olíuskilju og tæknirými stækkað á kostnað geymslurýmis í lagerhúsi á lóð nr. 13 við Korngarða.

Jafnframt er erindi USK23040133 dregið tilbaka.

Erindi fylgir ódagsett bréf frá hönnuði og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. febrúar 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Kringlan 4-12 - USK24100166

Sótt er um leyfi til að opna á milli rýma 0210 og 0216 og breyta þar innra skipulagi í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

38. Krókháls 5A - USK24090114

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem innra skipulagi hefur verið breytt ásamt því að byggja nýjar svalir, flóttastiga, nýja hurð í stað björgunarops og innréttu snyrtingu fyrir hreyfihamlaða í húsi á lóð nr. 5A við Krókháls. Húsaskoðun byggingarfulltrúa hefur farið fram fyrir áður gerð atriði.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. Langagerði 24 - USK24110190

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 24 við Langagerði.
Stærð: 31,5 ferm., 99,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

40. Laugavegur 29 - USK24110209

Sótt er um leyfi til þess að færa stiga á milli hæða, koma upp aðstöðu fyrir rakara og stækka verslun með því að sameina rými á 1. hæð verslunarhúss, mhl.01 á lóð nr. 29 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 9. mars 1999.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Laugavegur 59 - USK24110265

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum, sameina rými 0202 og 0203 og stækka þar með veitingastað í flokki II teg. A fyrir 34 gesti á 2. hæð í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 59 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Lautarvegur 8 - USK24110167

Sótt er um leyfi til að taka í notkun kjallararými undir bílskúrum þrífýlishúss á lóð nr. 8 við Lautarveg.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

43. Rafstöðvarvegur 33 - USK24030253

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlíð íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvífýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg.

Stækkun: 24.0 ferm., 60.0 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 10. október 2024, óþinglýst samþykki eiganda íbúar 0102 dags. 13. mars 2024 og A3 afrit af aðaltekningum samþykktum 22. ágúst. 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

44. Safamýri 53 - USK24100210

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að gera gat í burðarvegg frá eldhúsi út í stofu í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53 við Safamýri.

Erindi fylgir minnisblað burðarþolshönnuðar dags. 15. október 2024 og yfirlit breytinga dags. 12. júní 1961.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

45. Seljavegur 2 - USK24110110

Sótt er um leyfi til þess að setja upp fjarskiptalofnet á gistihúsnæði á lóð nr. 2 við Seljaveg

Erindi fylgir yfirlýsing vegna samkomulags dags. 1. október 2024

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Skarfagarðar 2 - USK24110242

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 2 við Skarfagarðar

Erindi fylgir yfirlit breytingar og gátlisti aðaluppráttu

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

47. Skarfagarðar 4A - USK24090158

Sótt er um heimild fyrir spennistöð á lóð nr. 4 við Skarfagarða.

Stærðir:

Ferm.27,5 rúmm.98,4

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

48. Skeifan 8 - USK24110243

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060037 sem snýr að innanhússbreytingum, hurðum í flóttaleiðum auk þess er breyting á anddyri í húsi nr. 8 við Skeifuna.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

49. Skipholt 27 - USK24110168

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, minnka matsal til að koma fyrir skrifstofu og geymslu jafnframt því sem stjórnstöð brunavarna er færð og brunavarnir uppfærðar á 1. hæð í gistiheimili á lóð nr. 27 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Skólavörðustígur 8 - USK23120073

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0206 og 0207 á 1. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.

Frestað. Lagfæra skráningu.

51. Skúlagata 28 - USK24110273

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040269 vegna lokaúttektar þannig að brunamerkingum á 1. hæð og innra skipulagi á 2. hæð er breytt í Kex hostel á lóð nr. 28 við Skúlagötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 21. nóvember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

52. Skútuvogur 6 - USK24110022

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051510 þar af leiðandi er sótt um heimild til þess að breyta skyggni og klæðningu á atvinnuhúsnæði á lóð nr. 6 við Skútuvog. Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 27. september 2016

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

53. Stuðlaháls 2 - USK24100207

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058331 og BN060860 með því að breyta á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 2 við Stuðlaháls.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

54. Stuðlasei 26 - USK24100249

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu í húsi nr. 26 við Stuðlasei. Stækkun 35,5 fer, pg 163,3 rúmm. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 21.okt.2024 og yfirlit breytinga dags. 30. okt. 1975. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 07. nóvember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

55. Stóragil - USK24110189

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri með innbyggðri bílgeymslu á lóðinni Stóragil með landnúmer 237090.

Stærð: 156,5 ferm., 561,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

56. Urðarstígur 16 - USK24040268

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti vegna vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi gististaðar í flokki II tegund g, fyrir allt að 10 gesti í íbúðum 0101 og 020 á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024, skýrsla um húsaskoðun dags. 6. ágúst 2024, greinargerð brunavarna dags. 23. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. nóvember 1986.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Urðarstígur 16 - USK24100345

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem felast í að notkunareiningum hefur nú verið fjölgað í fjórar, stigi á milli kjallara og 1. hæðar verið fjarlægður, þvottahús og geymslur hafa verið fjarlægðar, viðbygging var aðeins byggð að hluta og gryfja meðfram norðurgafli hefur verið lokað af yfirbyggð og nýtist nú sem inntaksrými fyrir íbúðarhús á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24040268 umsókn um breytingar á flóttaleiðum og brunavörnum.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024 og sem hluti af teikningasetti, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. nóvember 1986.

Frestað. Vísað til athugasemda.

58. Úthlíð 15 - USK23050300

Sótt er um leyfi til að byggja kvist á suðurhlið hússins, auk þess er sótt um áður gerða framkvæmd sem snýr að því að gera rishæð að íverurými í húsi nr. 15 við Úthlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

59. Vatnsstígur 13 - USK24110264

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN026652 sem snýr að svalalokun fyrir 12 íbúðir. mhl. 01 - 0401, 0601, 0901. mhl. 03 - 0201, 0202 mhl. 04 - 0201, 0301. mhl.05 - 0301. mhl. 06 - 0302, 0801. mhl. 07 - 0102, 0301 mhl. 08 - 0301. Erindi fylgir eignaskiptasamningur sem vísar heimild eiganda til slíkra svalalokana í húsi nr. 13 við Vatnsstíg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

60. Vesturgata 6-8 - USK24100118

Sótt er um leyfi til að breyta fjórum núverandi gluggum á norð - austurhlið hússins í hurðir í mhl 01 húsi nr. 6-8 við Vesturgötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 3.október 2024 og Samþykki meðlóðarhafa.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

61. Vættaborgir 11 - USK24100226

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu og tengigang á suðurhlið eldri byggingar með einni leikskóladeild ásamt því að verða aðalinnangangur leikskólans Hulduheima og verður mhl. 02 á lóð nr. 11 við Vættaborgir.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 21. október 2024, greinargerð um brunavarnir frá Öruggdags. 4. nóvember 2024 og greinargerð um hljóðvist frá Brekke Strand dags. 15. nóvember 2024.

Stækkun mhl. 02: 273,2 ferm., 980,1 rúmm.

Eftir stækkun, mhl. 01 og 02: 898,2 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

62. Þingholtsstræti 21 - USK24070192

Sótt er um leyfi til að breyta, endurgera og byggja ofaná mhl. 02 og innrétta þar þrjár íbúðir og til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum, mhl. 03 á lóð nr. 21 við Þingholtsstræti.

Stækkun mhl. 02: 72 ferm., 331,8 rúmm.

Mhl. 02 eftir stækkun: 154 ferm., 565,8 rúmm.

Mhl. 03: 80,8 ferm., 294,6 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Ísland dags. 19. ágúst 2024 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.

Fundi slitið kl. 11:15

**Brynjar Þór Jónasson
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson**